

Skólaráðsfundur 6. maí 2020

Fundinn sátu: Helga Óskarsdóttir, Lydia Ósk Jónasdóttir, Emelía Björk Hjartardóttir, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Skóladagatal 2020-2021 lagt fram til kynningar og athugasemda.

Skóladagatalið er með hefðbundnu sniði. Starfsfólk mætir til vinnu 17. ágúst og skóli er settur 25. ágúst. Viðtalsdagar á skólaárinu eru tveir, 14. september og 28. janúar. Starfsdagar á skólaárinu eru fimm, haustþingsdagur 18. september, UTÍS fræðsludagur 12. nóvember, námsmatsdagur 27. janúar og aðrir starfsdagar 23. apríl og 14. maí.

Vetrarfrisdagar eru 15. - 16. október og 17. - 19. febrúar.

Jólaleyfi er 21. desember - 4. janúar og páskaleyfi er 29. mars - 6. apríl.

Búið er að dagsetja árshátíðir allra stiga og eru þær settar inn á skóladagatalið.

Skólaslit verða 28. maí.

Skólaráð gerir engar athugasemdir við skóladagatalið eins og það liggur fyrir.

Önnur mál.

Rætt um að bjóða nýjum sviðsstjóra veitu og framkvæmdasviðs, Steini Leó Sveinssyni, á næsta fund skólaráðs, 14. maí, til að ræða fyrirhugaðar framkvæmdir á skólalóð í sumar.